

**Sp.**

**330. Fyrirspurnir.**

I. Til menntamálaráðherra varðandi þjóðleikhúsið.

Frá Brynjólfi Bjarnasyni.

1. Hvenær má vænta þess, að byggingu þjóðleikhússins verði að fullu lokið, svo hægt sé að hefja þar leikstarfsemi?
2. Hve miklu fé hefur verið varið til byggingar þjóðleikhússins og hvað er áætlað, að það muni kosta fullgert? Er þess óskað, að lögð verði fram nákvæm sundurliðuð skýrsla um allar greiðslur úr þjóðleikhússjóði frá upphafi og sérstaklega tilgreint, hve mikið fé hefur farið til byggingarinnar, frá því að vinna við hana var hafin að nýju eftir hernámið.

II. Til félagsmálaráðherra um upphæð áhættuiðgjalda og slysabóta hjá Tryggingastofnun ríkisins árið 1947.

Frá Skúla Guðmundssyni.

Hvað nema áhættuiðgjöld, sem Tryggingastofnun ríkisins hefur innheimt árið 1947, samkvæmt 113. gr. laga um almannatryggingar, hárrí upphæð samtals, og hvað hefur Tryggingastofnunin borgað miklar bætur vegna slysa á því ári?